



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.



Fréttabréf



Desember 2014 - 1. tölublað - 17. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík - sími 520-1500

*Gledilega jólahátíð
og heillaríkt komandi ár*

*megi ljós og friður
lifa með okkur öllum*

Starfsfólk Félagsbústaða
þakkar samstarfið á árinu



Húsnæði fyrir fatlað fólk

Þann 1. janúar 2011 fluttust málefni fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga samkvæmt lagafrumvarpi en unnið hafði verið að tilfærslunni á málaflokknum árin á undan. Markmið laganna er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Aðkoma Félagsbústaða að þessari tilfærslu snéri helst að því að festa kaup á og taka við rekstri á íbúðarhúsnæði og þurfti til þess mikla undirbúningsvinnu í samstarfi við velferðarráðuneytið og Velferðarsvið.

Félagsbústaðir bjuggu að gagnlegri reynslu frá *Straumhvarfa-verkefninu* þar sem að búnir voru til búsetukjarnar fyrir gedfatlað fólk í íbúðum félagsins en verkefnið sjálft og framkvæmdin á því mæltist afar vel fyrir.

Félagið var því vel undirbúið þegar kom að því að taka yfir 18 sértæk húsnæðisúrræði á einu bretti ásamt öllum íbúum þeirra sem þaðan í frá urðu leigjendur hjá félaginu. Flest voru þau í einbýlishúsum sem voru í misgóðu ástandi og víða þurfti að gera bragarbót í viðhaldsmálum innanhúss sem utan.

Á þessu ári hafa verið keypt til viðbótar tvö ný hús í Hlaðbæ og Þingvaði sérstaklega ætluð fyrir fatlað fólk og von er á að keypt verði fleiri hús á næsta ári í sama tilgangi.

Þá er á teikniborðinu að byggja tvö ný hús sem verða hönnuð og þarfagreind með sérþarfir þessa hóps í huga. Stendur til að þau rísi á næstu árum að Austurbrún og Þorláksgeisla.

Það er markmið Félagsbústaða að sinna rekstri á þessum húsum af sama metnaði og myndarskap og í öðrum fasteignum félagsins til þess að íbúarnir og þjónustan sem þeim er veitt þrífist þar sem allra best.



Teikning ASK-arkitekta af Þorláksgeisla

Öryggismyndavélar í sameignum

Fyrir um áratug síðan voru fyrstu eftirlitsmyndavélarnar settar upp í nokkrum stigagöngum í fjölbýlishúsum Félagsbústaða. Á þeim tíma var það gert af illri nauðsyn til að sporna við slæmri umgengni og hamla gegn spjöllum í sameign og umhverfi húsanna. Þetta var einnig gert til að auka öryggi íbúa og með tengingu inn á loftnetskerfi hússins þá nýttust vélnar líka sem mynddyrasími.

Ljóst er að uppsetningin hefur skilað tilætluðum árangri og ástandið snöggbatnaði þar sem kerfin voru tekin í notkun. Dregið hefur úr skemmdarverkum og tekist hefur að upplýsa ýmis brot og glæpi sem framin hafa verið.

Í raun eru myndavélakerfin orðin staðalbúnaður í fjölbýlishúsum Félagsbústaða og því stefnir félagið að því á næstu mánuðum að loka hringnum með því að setja kerfi upp í þeim húsum sem eftir eru.

Fyrir á þessu ári voru sett upp nokkur ný kerfi og vélbúnaður endurnýjaður í öðrum. Var það gert í kjölfar hinnar mjög svo vönduðu skýrslu




Öryggismál í íbúðarhúsnæði eftir Þórarinn Magnússon verkfræðing og fyrrum forstöðumann framkvæmda-deildar Félagsbústaða. Þar er gerð

úttekt á stöðu öryggismála hjá félaginu og fjallað um notkun slíkra véla á Norðurlöndunum.

Tekið skal fram að vöktun þessi byggir á heimild í 2.mgr. 9.gr.laga nr.77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með upptökur er farið sem trúnaðarmál og þær ekki afhentar neinum nema lögreglu í upplýsinga- og rannsóknarskyni og við framlagningu í dómsmálum.

Við þetta má bæta að samhliða uppsetningu kerfanna er reynt að bæta lýsingu innanhúss sem utan en það bætir myndgæði og stuðlar að öruggari vöktun þeirra. Góð lýsing er mikilvægt öryggisatriði og hefur mikinn fælingarmátt enda eru afbrot og skemmdarverk ljósfælin starfsemi. Það er því ljóst að gott er að vera ávallt sem best upplýstur í víðtækum skilningi.



Margir eiga þeim líf sitt að launa

Undanfarin ár hafa Félagsbústaðir og VÍS unnið ótullega saman að forvörnum. Einn liður í því er að hvetja íbúa Félagsbústaða til þess að huga að eldvörnum fyrir jólin með því að gefa rafhlöðu í reykskynjara en þær þarf að endurnýja árlega.

Kannanir sýna að engan reykskynjara er að finna á 4% heimila. Félagsbústaðir hf. eru ekki í þeim hópi því að reykskynjarar og eldvarnarteppi eru í öllum íbúðum þeirra. Aftur á móti verða íbúar að sjá til þess að reykskynjarinn sé virkur og að eldvarnarteppið á aðgengilegum stað.



Margir kunna að vanmeta mikilvægi eldvarnarteppis en í könnun sem gerð var í haust á vegum Eldvarnarbandalagsins kom fram að í þriðjungu tilfella var eldvarnarteppi notað til að slökkva litla elda á heimilum. Þrír af hverjum fjórum þeirra kviknuðu út frá kerti eða eldamennsku.

Tjónatíðni hjá VÍS sýnir að flestir eldsvoðar á heimilum verða í desember eða hátt í fimmtungur þeirra. Flestir yfir hátíðisdagana þegar annir eru miklar. Láttu þitt ekki eftir liggja. Skiptu um rafhlöðuna um leið og þú færð hana. Á morgun gæti verið of seint.



„Mínútopursmál hvort að við kæmumst lifandi út“

Í byrjun janúar þessa árs kom upp eldur í blokkaríbúð Félagsbústaða í Hraunbæ. Fjölskyldan sem þar bjó slapp naumlega heil á húfi en íbúðin var gjörónýtt. Leigjandi íbúðarinnar segir frá lífsreynslu sinni í opinskáu viðtali.

Eldur kviknar út frá kerti

„Þetta var alveg hrikalegt! Ég fór inn að sofa seint um kvöld. Blæs á kertið en það hefur ekki verið nóg. Við vorum með kisu sem hleypur upp um alla veggj og stekkur upp á borð. Hún hefur hent kertinu niður með glóðinni og þannig kviknar í. Kertið var á borðstofuborði við útidyrnar og við hliðina var hreinn þvottur úr næloni, úlpur og jólastreyting úr gervigreni sem fuðraði upp þannig að þetta var fljótt að koma. Sem betur fer hafði ég farið með mikið af jólastkrauti niður í geymslu því að annars hefði verið meiri eldmatur.“

Björgunarafrek úr eldhafi

„Ég vakna við að einhver bankar í mig. Þá fer ég fram að athuga og sé allt úti eldi og reyk við útidyrnar. Ég öskra á dóttur mína sem var ólétt og barnsföður hennar að það sé eldur frammi. Ég var handleggsbrotin og hann var þarna til að hjálpa okkur báðum. Barnabarnið var sofandi hjá mér í herberginu og ég vek hana. Ég rek þau öll fram á gang og þau hlaupa öll í gegnum eldhafið. En ég sný aftur við inn í herbergið til að ná í símann minn og sæng utan yfir mig. Í einhverju volæði ætlaði ég að vera þar áfram því mér fannst ég ekki komast aftur fram. Þá var kominn meiri eldur og reykur á örskömmum tíma. En þá kom barnsfadur dóttur minnar askvaðandi inn að ná í mig og hund dóttur minnar. Hann öskrar á mig að koma út og ég hljóp í gegnum eldinn með honum. Það var bara mínútopursmál hvort að við kæmumst lifandi út. Þetta stóð mjög tæpt!“

Eldurinn slökktur

„Þegar við komumst út úr íbúðinni þá fer dóttir mín að banka á allar hurðir til að vekja nágrannana og öskrar að það sé kviknað í. Nokkrum mínútum síðar þá kemur slökkvilið, lögregla og sjúkrabíll en þau voru öll mjög fljót á staðinn. Slökkviliðið var fljótt að ráða niðurlögum eldsins en hann hafði dreift sér um alla stofuna. Málið var að nokkrum dögum fyrir brunann byrjaði reykskynjarinn að pípa. Ég tek batteríð úr og ætla að setja nýtt í daginn eftir. En ég var ekki búin að setja hann upp aftur þannig að það var ekki komið í. Ég var búin að fá batterí frá ykkur fyrir jólin en ætlaði bara að bíða með það þar til um kvöldið eða daginn eftir. Það var þeim mun meiri mildi að við sluppum út. Ég er ekki viss hvað það var sem vakti mig en það var einhver sem ýtti við mér og hélt verndarhendi yfir mér á þessu augnabliki. Þó maður trúi ekki endilega á svoleiðis að þá var eitthvað í þetta skiptið sem vakti yfir mér.“



Slökkviliðið að störfum í Hraunbænum. Mynd: RÚV

Gjörónýtt íbúð og áfall

„Ég fer þarna inn 3 dögum síðar með VÍS og maður fékk bara annað áfall að sjá dótið sitt og íbúðina. Þetta var hörmung! Maður var alveg heimilislaus og það skemmdist allt inni í íbúðinni, allir persónulegir munir og allt. Ljósmyndir voru ónýtar af sóti og heimilistölvan bráðnaði útaf ógnarhitnum. Það þurfti að kaupa allt frá A-Ö og maður byrjaði alveg upp á nýtt. Það var afar litlu hægt að bjarga og maður fékk afar lítið til baka. Við vorum nýbýnar að kaupa allt nýtt fyrir ófædda barnið; rúm, föt og leikföng en það fór allt saman. Okkur var boðið að tala við Rauða krossinn en mér finnst vanta teymi með sálfræðingi sem gæti komið strax og talað við mann. Hvorki ég né dóttir mín erum búnar að ná okkur. Hún er ennþá það hrædd að hún þorir ekki að sofa ein í sinni íbúð og labbar um íbúðina mörgum sinnum áður en hún fer að sofa til að athuga hvort það sé ekki slökkt á öllum tækjum og öðru. Ég er enn það smeyk að ef ég heyri hljóð frammi sem ég þekki ekki þá fer ég alltaf að athuga hvað sé að ske. Barnabarnið mitt sem er 7 ára hefur ekki enn fengið réttu hjálpina því að hún er enn að tala um þetta og fer að gráta af og til. Það getur tekið hana mörg ár að jafna sig.“



Nýtt upphaf og eftirköst

„Eftir brunann gisti ég fyrst hjá dætrum mínum þangað til að hægt var að fá íbúð. Dóttir mín var ólétt og mikið gekk á hjá henni. Hún átti barnið 8 vikum fyrir tímann og það var kapphlaup við tímann að fá íbúð áður en hún og barnið kæmu heim en það tókst nokkrum dögum fyrr. Ég var með heimilistryggingu hjá VÍS og það bjargaði okkur yfir mesta hjallann. Það gekk alveg rosalega fljótt og vel fyrir sig. VÍS hringdi í mig strax daginn eftir og lögðu inn pening til að geta verslað föt og nauðsynjavörur því að við áttum ekki neitt. Ég stóð bara úti á nærbuxunum með sæng! Ekki einu sinni gleraugu eða neitt! Í dag erum við að klára að koma okkur fyrir en það er ýmislegt sem vantar. Maður átti orðið svo mikið inná heimilinu en svo allt í einu ekki neitt. Dóttir mín ætlar að tala við geðlækni til að geta unnið sig út úr þessu. Hún er náttúrulega með ungabarn sem hún átti 8 vikum fyrir tímann og hræðslan er enn það mikil að þegar barnið fer að sofa þá situr hún vakandi þegar hún er ein heima. Þannig að maður reynir að vera reglulega hjá henni. Núna um jólin þá gæti komið annað áfall um þetta leyti. Í dag horfir maður mun meira í hættunum og fer mjög vel yfir allt áður en maður fer að sofa. Við erum með nóg af reykskynjurum frá ykkur og erum afar passasamar.“

Skilaboð til lesenda

„Hafa alltaf batterí í reykskynjaranum! Það er númer 1,2 & 3! Vera ekki að bíða með þetta í 1-2 daga eins og ég gerði. Og að sjálfsgöðu að slökkva vel á öllum kertum. VÍS voru alveg frábærir og stóðu sig rosalega vel. Ég er tryggð hjá þeim ennþá með innbúid. Þeir komu bæði fljótt og vel fram og voru mjög almennilegir. Ég og dóttir mín viljum koma á framfæri miklu þakklæti til VÍS og til Félagsbústaða fyrir hvað við vorum snögg að fá nýtt húsnæði.“



Jólaleikur Félagsbústaða & VÍS

Elðvarnarátak Félagsbústaða & VÍS heldur áfram en þetta eru sjöttu jólin í röð sem VÍS gefur leigjendum okkar jólagjöf í formi rafhlöðu í reykskynjara. Afar brýnt er að skipta sem fyrst um rafhlöðuna til þess að það gleymist ekki í öllu jólaamstrinu og áramótastússi.

Til að hvetja leigjendur okkar til dáða í þessum efnum þá hafa félögin tekið höndum saman um jólaleik. Það eina sem leigjendur þurfa að gera er að vera snöggir að skipta um rafhlöðuna þegar hún berst með fréttabréfinu og skrá sig til leiks.

Skráning fer fram í gegnum heimasíðu Félagsbústaða og er þátttaka opin til þriðja í adventu eða sunnudaginn 14. desember. Að þeim tíma loknum verða dregnir út þrír vinningshafar sem fá gefandi heimsókn frá forvarnarfulltrúum félaganna sem yfirfara nýhlaðna reykskynjara heimilisins.

Í verðlaun eru sérlega bragðgóðar og öruggar gjafakörfur frá Ostabúðinni á Skólavörðustíg.

Félagsbústaðir & VÍS vonast eftir sem mestri þátttöku þannig að allir leigjendur okkar verði sem öruggastir yfir jól og nýár.



Jólarafhlaðan er komin í hús

Hátíð í borg

JÓLAKVEDJA Jólamánuður er genginn í garð og senn líður að jólum og áramótum. Á þessum hátíðlega tíma ársins myndast oft mikið sorp tengt gjafapappír, jólahreingerningum, auglýsingapésúsum, umbúðum o.s.frv. Eru leigjendur beðnir að gæta þess að stífla ekki sorprennur með of miklu magni af sorpi sem er of stórt fyrir rennurnar og setja allan pappír og pappa í endurvinnslutunnur.

Þá ber að taka það fram að skrifstofa Félagsbústaða hf. er lokuð á aðfangadag miðvikudaginn 24. desember en opin til hádegis á gamlársdag.

Félagsbústaðir hf. óska öllum sínum leigjendum og samstarfsaðilum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir samstarfið á líðandi ári.



Símatímar Félagsbústaða

Þjónustudeild - kl. 9:00- 10:00
í síma 520-1500 alla virka daga.

Innheimtustjóri – kl.11:00-12:00
í síma 520-1500 alla virka daga.

Bílanatilkynningar – kl.13:00-15:00
í síma 557-9664 alla virka daga.

Fyrirmyndarstofnun

KÖNNUN Í annað sinn á síðustu 3 árum hafa Félagsbústaðir fengið viðurkenningu frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar fyrir að komast á verðlaunapall í könnun um *Stofnun ársins* í flokki vinnustaða með allt að 49 starfsmenn. Árið 2012 lenti félagið í 2. sæti en í ár var það 3. sætið en fyrir vikið getur fyrirtækið skartað sámdarheitinu *Fyrirmyndarstofnun 2014* fram á næsta vor.



Könnunin er ein stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hérlandis og er leitast við að meta starfsumhverfi og ánægju starfsmanna hjá viðkomandi stofnun/fyrirtæki. Leitað er eftir viðhorfi félagsmanna St.Rv. til vinnu sinnar og yfirmanna, líðan í starfi, samskiptum, tækjabúnaði o.fl.

Starfsmenn og stjórnendur félagsins eru afar stoltir af árangrinum og munu gera sitt besta til bæta um betur í framtíðinni.

Útgefandi:  FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.
Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.
Sími:520-1500 - Fax:520-1516
Upplag: 2400 eintök
Ábyrgðarmaður: Auðun Freyr Ingvarsson
www.felagsbustadir.is